



TTAR- PÓSTURINN

7. árg.

júní 1995

2. tbl.

Hr. Björn Helgason
Rjúpurfelli 20
111 Rófk

Kæri lesandi. Þegar þetta er ritað er sumarið loksins komið til Austurlands þar sem verið hafa svo mikil harðindi að bændur hafa orðið að gefa fje sínu inni alt til þessa dags. Hefur forsjónin líklega séð að ekki var seinna vænna að breyta til. Kanski hefur hún farið að hugsa um að það er fyrirhugað ættarmót í Skógargærði þann 22.-23. júlí og að það er kallað S ó l s k i n s d a g a r svo sem getið var í síðasta blaði.

Þessu nýja tölublaði er ætlaður sá eini tilgangur að minna á þessa daga. Eftir því sem næst verður komist verður þátttaka betri en nokkru sinni fyrir. Dagskrá verður samkvæmt venju við allra hæfi. Sjá nánar baksíðu og bls. 3

Æ t t a r b ó k i n er nú komin í prentun og er gerð nánari grein fyrir henni á bls.2.

Skógargerðisbók

Í síðasta blaði af ÆP var gerð nokkur grein fyrir ættarriti sem unnið hefur verið að undanfarin ár. Verður þetta nokkuð viðamikilið rit (ríflega 400 síður) og er að mörgu leyti frábrugðið venjulegum ættarbókum. Þar verður að vísu niðjatal þeirra Ólafar og Helga í Skógargerði en auk þess er mikið efni eftir það fólk sem fjallað er um, bæði í lausu máli og bundnu. Bókin er nú komin í prentsmiðju og er vonast til að hún verði tilbúin fyrir ættarmót.

Öll vinna við samningu og hönnun bókarinnar er sjálfboðastarf en samt verður hún nokkuð dýr, kemur að öllum líkindum til með að kosta um 5.500–6.000 krónur. Hefur verið ákveðið að bregðast við því svo sem nú greinir: Gefin verða út 150 tölusett (og árituð) eintök og þessi eintök verður að selja sem fyrst til að standa straum af prentunarkostnaði. Það er von okkar, sem staðið höfum að þessu verki, að þetta takist. — Nú þegar er búið að selja tvö eintök: annað sem brúðkaupsgjöf, hitt í stúdentsútskrift. Sýnir þetta að ráðlegt gæti verið að birgja sig upp af svo merkilegri bók.

Hluti af upplaginu (ótölusett eintök) verður væntanlega síðar til sölu á almennum markaði og þá líklega samið við eitthvert útgáfufyrirtæki um að annast dreifingu. Óvíst er um verð á bókinni í því formi.

Takið vel eftir:

Hér með eru ættarlimir hvattir til að senda ritstj. ÆP línu og panta eintak eða eintök af bókinni og verða þessi 150 tölusettu eintök síðan afhent kaupendum í þeirri röð sem pantanir berast. Vonandi verður hægt að afgreiða drjúgan hluta af þessum eintökum á ættarmótinu en þeim sem ekki komast þangað verður sent ritið í þóstkrofu.

Ættarmót 1995

Á baksíðunni er birt dagskrá mótsins en hér skal minst á nokkur atriði.

1. Tjaldstæði eru næg á *Ættarflötinni* og séð verður fyrir hreinlætisaðstöðu.

Húsrymi í Skógargærði er ekki mikið. Þó er þar (ófullkomið) svefnpokaláss fyrir um það bil 15–20 manns. Þeir sem vildu nýta sér það eru beðnir að hafa samband við Bergþóru Gísladóttur í Skógargærði sem fyrst (sími 471 1935). Annars verður að benda á gistingarstaði í nágrenni, Egilsstöðum (Valaskjálfi), Edduhótel á Eiðum, bændagistíngu á Setbergi í Fellum (Hólmfríður Helgadóttir) o. v.

2. Myndatökur hefjast kl. 1600 á laugardag og verða þá teknar myndir af fjölskyldum og ættliðum. Þar er óhjákvæmilegt að fylgja nokkuð ströngu skipulagi og gera ráð fyrir ábyrgum aðilum í hverjum niðjahópi. Hefur verið ákveðið að röðin verði þessi:

- | | | |
|---------------------------------|---------|------------------------|
| A. Niðjar Hallgríms Helgasonar. | Ábyrgð: | Þórarinn Hallgrímsson. |
| B. Niðjar Guðrúnar Helgadóttur. | – | Anna Jóhannesdóttir. |
| C. Niðjar Þórhalls Helgasonar. | – | Guðlaugur Þórhallsson. |
| D. Niðjar Indriða Helgasonar. | – | Margrét Indriðadóttir. |
| E. Niðjar Gísla Helgasonar. | – | Indriði Gíslason. |

Ábyrgðarmenn geta falið fulltrúum sínum að annast þetta hlutverk. Aðalatriðið er að myndatökur gangi snurðulaust fyrir sig.

Ábyrgðarmönnum er einnig ætlað annað hlutverk: Að tilkynna áætlaða tölu þátttakenda úr sínum ættlegg í lokahófi (Valaskjálfi) til Ragnhildar Indriðadóttur (sími 471 1325) eigi síðar en 17. júlí.

Sólskinsdagur 1995

Ættarmót í Skógargærði

Laugardagur 22. júlí

11.00: Mótið sett. Stutt kynning á umhverfi. Indriði Gíslason.

14.00: Barnatími. Umsjón: Gunnar Helgason.

16.00: Myndatökur.

18.00: Skoðunarferðir um nágrennið.

19.00: Grill.

21.00: Kvöldvaka. Umsjón: Gígja Hermannsdóttir.

Sunnudagur 23. júlí

10.00: Náttúruskoðun og skógrækt.

13.00: Ferð um Hjerað.

20.00: Lokahóf í Valaskjálfi á Egilsstöðum.

Um dagskrána er fjallað nokkru nánar á bls. 3.

Athuga ber að einstaklingar eða hópar geta lagt fram stutt skemtiatriði sem þá verður komið fyrir annaðhvort á laugardags- eða sunnudagskvöld. — Ritstjórn ÆP svarar fyrirspurnum og gefur upplýsingar eftir faungum.

ÆP. Ritstjórn og afgreiðsla.: Indriði Gíslason Barmahlíð 32, 105 Rvík, sími 562 5743.

Ritstjórnarfulltrúar: Dagný Sigurðardóttir Reynivöllum 11 Egilsstöðum, sími 471 1138 og Örnólfur Thorsson Tómasarhaga 27 105 Rvík, sími 552 1056.